

Undirritunarreglur Isavia ohf.

1. Almenn

- 1.1 Reglur þessar kveða á um heimildir stjórnar- og starfsfólks Isavia ohf. („Isavia“ eða „félagið“) til þess að skuldbinda félagið með undirskrift sinni.
- 1.2 Aðeins meirihluti stjórnar og þeim starfsmönnum Isavia sem hafa verið veittar tiltekna heimildir, er heimilt að skuldbinda félagið að lögum með undirskrift sinni.

2. Prókúra

- 2.1 Stjórn félagsins veitir forstjóra og fjármálastjóra heimild til þess að fara með prókúru fyrir hönd félagsins.

3. A - heimildir

- 3.1 Forstjóra er heimilt að veita framkvæmdastjórum félagsins heimild til að skuldbinda félagið, A heimild, sem takmarkast við fjárheimild og efni sem skulu skilgreind samhliða veitingu heimildarinnar.
- 3.2 Handhöfum A heimildar er heimilt að veita öðrum starfsmanni heimild til að undirrita skuldbindingu fyrir sína hönd. Slík heimild skal takmarkast við ákveðinn flokk skuldbindinga eða einskorðast við tiltekinn fyrir fram samþykktan löggerning. Heimildin skal vera skrifleg og tilkynnt til lögfræðinga hjá innkaupum, lögfræði, upplýsinga- og skjalastjórnun félagsins („lögfræðideild“). Heimildin tekur gildi við staðfestingu lögfræðideildar.

4. B - heimildir

- 4.1 Forstjóra og fjármálastjóra er heimilt að veita starfsmönnum heimild til að skuldbinda félagið, B heimild, sem takmarkast við fjárheimild og ábyrgðarsvið sem skal skilgreina samhliða veitingu heimildarinnar. Heimildin skal vera skrifleg og tilkynnt til lögfræðideildar félagsins. Heimildin tekur gildi við staðfestingu lögfræðideildar.

5. Annað

- 5.1 Samningsskuldbindingar félagsins skulu undirritaðar með eigin hendi í frumriti eða með fullgildri rafrænni undirritun, nema önnur staðfesting sé heimiluð samkvæmt samþykktu verklagi eða með heimild lögfræðideildar.

- 5.2 Halda skal skrá yfir þá starfsmenn sem hljóta heimildir á grundvelli þessara reglna, ásamt útlistun á heimildum hvers starfsmanns. Lögfræðideild félagsins skal hafa yfirumsjón með skráningu heimilda og veita leiðbeiningar um form og efni heimildanna. Veitandi heimildar ber ábyrgð á að heimildin og allar breytingar á heimildinni, séu tilkynntar til lögfræðideildar.
- 5.3 Reglur þessar skulu gerðar aðgengilegar á ytri vef félagsins.
- 5.4 Allar samþykktar A og B heimildir skulu yfirfarnar og endurnýjaðar einu sinni á ári. Skráin skal kynnt fyrir stjórn árlega að lokinni yfirferð.
- 5.5 Allar heimildir starfsmanns til að skuldbinda félagið falla sjálfkrafa niður við starfsloks.
- 5.6 Með reglum þessum falla úr gildi aðrar reglur og viðmið um undirritunarheimildir sem sett hafa verið innan félagsins, svo sem samkvæmt samningsumboðum eða sérstökum ákvörðunum forstjóra og stjórnar þess efnis.

Samþykkt af stjórn Isavia ohf. feb 2023.